

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

### *4. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 2. september 2010, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Skipun Fjallskilastjóra.
3. Erindi frá Aðalberg Péturssyni vegna skóla-og leikskólavistunar.
4. Erindi frá Orkustofnun þar sem óskað er umsagnar um umsókn Landsvirkjunar um endurnýjun á rannsóknarleyfi í Gjástykki.
5. Erindi frá Kristjáni Yngvasyni, ósk um fráfali frá forkaupsrétti í Grand Hótel Mývatni ehf.
6. Styrkbeiðni frá Sigurði G. Böðvarssyni vegna samkomu við Miðkvísl.
7. Erindi frá Pétri Þór Jónassyni f.h. stjórnar Greiðrar leiðar ehf.
8. Erindi frá Kára Þorgrímssyni vegna ástands jarðvegs og gróðurs á Austurafrétt.
9. Slægjufundur.
10. Erindi frá Umhverfisstofnun, tilnefning í samráðshóp vegna undirbúnings að friðlýsingu Gjástykkis.
11. Fundargerð Atvinnumálanefndar dags. 12. ágúst.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 10. ágúst.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik Jakobsson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 10 og 11 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

**2. Skipun Fjallskilastjóra.**

Sveitarstjórn samþykkir að skipa þá Birgi V. Hauksson og Daða L. Friðriksson sem fjallskilastjóra til næstu fjögurra ára.

**3. Erindi frá Aðalberg Péturssyni vegna skóla-og leikskólavistunar.**

Með bréfi óskar Aðalberg Pétursson eftir að börnin hans þrjú fái notið leik- og grunnskólagöngu tvo daga í mánuði, í skólum sveitarfélagsins án þess að til komi greiðsla frá lögheimilissveitarfélagi barnanna. Þessi ósk er liður í umgengnisrétti hans við börnin.

Sveitarstjórn samþykkir að beina erindinu til Skólanefndar.

**4. Erindi frá Orkustofnun þar sem óskað er umsagnar um umsókn Landsvirkjunar um endurnýjun á rannsóknarleyfi í Gjástykki.**

Með bréfi óskar Orkustofnun eftir umsögn sveitarstjórnar um umsókn Landsvirkjunar á endurnýjuðu rannsóknarleyfi í Gjástykki. Rannsóknarleyfið nær til jarðhita, grunnvatns og efnisnáms vegna framkvæmda í landi jarðanna Þeistareykja og Reykjahlíðar en fyrir liggja samningar við landeigendur um rannsóknir og hagnýtingu á orku á þessu svæði. Rannsóknarleyfið felur ekki í sér heimild til auðlindanýtingar.

Í samþykktu Svæðisskipulagi háhitasvæðanna í Þingeyjarsýslum 2007-2025 hafa sveitarfélögin markað stefnu um orkunýtingu á þessu svæði. Hins vegar í ljósi þess að fyrir dyrum stendur fyrsti fundur samráðshóps um undirbúning að friðlýsingu Gjástykkis telur sveitarstjórn eðlilegt að bíða með að veita umbeðna umsögn fram yfir hann.

Böðvar og Karl Emil véku af fundi við afgreiðslu málsins í þeirra stað komu Margrét Hólm og Birgir.

**5. Erindi frá Kristjáni Yngvasyni, ósk um fráfall frá forkaupsrétti í Grand Hótel Mývatni ehf.**

Með bréfi óskar Kristján Yngvason eftir að sveitarfélagið falli frá forkaupsrétti sínum að hlut í Grand Hótel Mývatni ehf. Vegna fyrirhugaðrar sölu á hlut Sigrúnar Jóhannsdóttur til sonar síns Yngva R. Kristjánssonar. Nánar tiltekið er um að ræða sölu 46,93% hlutafjár að nafnvirði 65 milljónir. Í bréfinu kemur fram að söluverð bréfanna er kr. 6.500,-.

Sveitarstjórn frestar erindinu þar sem ársreikningur félagsins barst ekki í tæka tíð.

**6. Styrkbeiðni frá Sigurði G. Böðvarssyni vegna samkomu við Miðkvísl.**

Með bréfi óskar Sigurður eftir 50.000,- kr styrk frá sveitarfélaginu til að minnst þeirra tímamóta að 40 ár eru liðin frá sprengingunni við Miðkvísl í Laxá. Tímamótanna verður minnst bæði með athöfn við Miðkvísl og samkomu í Skjólbrekku.

Sveitarstjórn samþykkti erindið með tölvupósti og staðfestir það hér með.

**7. Erindi frá Pétri Þór Jónassyni f.h. stjórnar Greiðrar leiðar ehf.**

Með bréfi sem stílað er á hluthafa í Greiðri leið ehf. fylgir viljayfirlýsing þar sem óskað er eftir að hluthafar lýsi því yfir að þeir styðji heils hugar framkomnar hugmyndir um þátttöku Greiðrar leiðar ehf. í stofnun nýs félags með Vegagerðinni sem hefur það að markmiði að standa að gerð jarðganga undir Vaðlaheiði ásamt vegalagningu að þeim auk annars nauðsynlegs undirbúnings svo og hugsanlega rekstri og viðhaldi jarðganganna. Til þess að Greið leið ehf. geti staðið við hlutafjárframlag sitt til fyrirhugaðs félags mun hluthafinn leitast við af fremsta megni að taka þátt í hlutafjárukningu í Greiðri leið ehf., allt að 100 mkr. í hlutfalli við hlutafjáreign sína í félaginu. Stefnt er að því að hlutafjárukningin fari fram innan tveggja ára frá stofnun félagsins.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir sig reiðubúna til að taka þátt í nefndri hlutafjárukningu í hlutfalli við eign sína í félaginu. Sveitarstjóra falið að undirrita viljayfirlýsinguna.

**8. Erindi frá Kára Þorgrímssyni vegna ástands jarðvegs og gróðurs á Austurafrétt.**

Með béli sem jafnframt er stílað á landeigendur Reykjahlíðar og Voga auk Landgræðslu ríkisins, vill Kári vekja athygli eigenda og umsjónaraðila Austurafréttar á ástandi jarðvegs og gróðurs þar. Fram kemur að hann var notandi þessa afréttarlands sem bóndi í hartnær aldarfjórðung, auk þess að hafa talsvert komið að landgræðslustörfum þar. Hann telji sig því allvel kunnugan stórum hluta þess og hafa sýn á gróðurfarslega þróun þar um áratugaskeið. Á þeim tíma hefur notkun landsins verið breytt mikið í því augnamiði að bæta ástand gróðurs og jarðvegs. Bréfitari telur hins vegar að þær aðgerðir hafi hvergi nærri skilað þeim árangri sem mátt hefði vænta og að ástand landsins sé óásættanlegt. Á það einkum við um mólendi, en víðimóar ættu að öllu eðlilegu að vera ríkjandi gróðurfur á þessu svæði. Með bréfinu fylgir greinargerð þar sem nánar er farið yfir ástandið.

Sveitarstjórn samþykkir að beina erindinu til Atvinnumálanefndar.

**9. Slægjufundur.**

Að þessu sinni kemur það í hlut íbúa í þorpinu að annast Slægjufund.

Sveitarstjórn felur Jóhönnu Hörpu Sigurðardóttur að kalla fólk saman til undirbúnings.

**10. Erindi frá Umhverfisstofnun, tilnefning í samráðshóp vegna undirbúnings að friðlýsingu Gjástykkis.**

Í bréfi Umhverfisstofnunar kemur fram að Ríkisstjórn Íslands hafi samþykkt þann 9. mars sl. tillögu um að hefja undirbúning að friðun Gjástykkis skv. ákvæðum laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun f.h. ráðuneytisins var falið að hefja undirbúninginn í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands. Jafnframt beri stofnunni að leita samráðs við landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila. Með vísan í ofangreint óskar Ust eftir tilnefningu fulltrúa Skútustaðahrepps í nefndan samráðshóp.

Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúi Skútustaðahrepps verði Dagbjört Bjarnadóttir, oddviti.

**11. Fundargerð Atvinnumálanefndar dags. 12. ágúst.**

Á fyrsta fundi Atvinnumálanefndar var eingögnu verið að jafna niður göngum. Nefndarmenn fengu á fundinn notendur Austurafréttar til að ræða tilhögun gangna og málefni þeim tengd.

Ekkert í fundargerð Atvinnumálanefndar þarfnast ályktunar við.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Eyrún Björnsdóttir,

Friðrik Jakobsson.